

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1521

komudagur 17/4 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 1996

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins**

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 21. mars 1996, þar sem farið er fram á umsögn Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS) um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 372. mál. Veittur var frestur til 12. apríl til að svara erindinu, sem síðan var framlengdur til 17. apríl 1996.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins þakkar háttvirtri efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir að fá tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum við áður nefnt frumvarp.

### I. Almennt um frumvarpið

Rétt þykir að taka fram að í þessari umsögn verður einkum vikið að atriðum sem telja verður að snúi sérstaklega að starfsmönnum í Stjórnarráði Íslands en enn fremur mun **Bandalag háskólamanna í ríkisþjónustu (BHMR)**, svo og önnur félög opinberra starfsmanna senda inn athugasemdir við frumvarpið. Ýmis sjónarmið hafa komið fram hjá öðrum félögum sem FHSS getur fyrir sitt leyti tekið undir án þess þó að um þau atriði verði fjallað sérstaklega hér. Líta verður því svo á að eftirfarandi umsögn feli í sér þau meginatriði sem FHSS óskar að koma á framfæri í sambandi við frumvarpið, en ekki að efninu séu gerð tæmandi skil.

Áður en vikið er að athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins vill stjórn FHSS áréttá að hún telur það jákvætt og horfa til framfara að núverandi ríkisstjórn hafi frumkvæði að því að taka til endurskoðunar gildandi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hinsvegar er grundvöllur þess að vel takist til við þá endurskoðun, að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem starfsfólk ríkisins setur fram í þessu máli, félagsmenn FHSS sem og aðrir. Án góðs samstarfs og samvinnu við þessa aðila er ekki að vænta ávinnings af fyrirhuguðum breytingum heldur þvert á móti, enda er ánæggt starfsfólk ein megin auðlind hvers fyrirtækis, innan ríkisins sem og annarsstaðar. Þetta hefur því miður of oft gleymst.

Þrískipting valdsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdavald eru meginstoðir í stjórnskipan Íslenska lýðveldisins. Þegar gerðar eru veigamiklar breytingar á lögum er varða að verulegu leyti einn eða fleiri þessara þátta, bera að fara að öllu með sérstakri gát, til að

ekki verði sú röskun á þessum grunnstoðum að hætta stafi af. Það er ekki síst af þessum ástæðum sem FHSS telur mikilvægt að ekki séu gerðar breytingar í nafni „hagræðingar“, sem þó eiga ekkert skylt við það hugtak þegar nánar er að gáð.

Við samningu frumvarpsins hefur ekkert samráð átt sér stað við FHSS sem er eitt fjölmennasta stéttarfélag embættismanna í þjónustu ríkisins, né heldur önnur félög opinberra starfsmanna og ber frumvarpið þess glögg merki. Í frumvarpinu eru m.a. breytingar, er raskað geta meginstoðum framkvæmdavaldsins, auk þess sem þær ganga þvert á alla hefð, hér á landi sem og í vestrænum ríkjum sem búa við svipað fyrirkomulag stjórnskipunar og hér er. Hér eru því á ferðinni veigameiri breytingar en virst gætu við fyrstu sýn.

FHSS telur að við setningu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins beri að taka tillit til ýmissa sérsjónarmiða sem gilda um embættismenn, ekki síst Stjórnarráðs Íslands (framkvæmdavaldsins) en einnig dómsvaldsins, svo dæmi séu tekin. Stjórn FHSS telur því eðlilegt að frumvarpið verði endurskoðað í samvinnu við þá aðila sem lögum þessum er ætlað að taka til. Augljóst er að slíkt starf tekur töluverðan tíma ef vel á að takast til. Því er nauðsynlegt að gefinn verði meiri tími til umfjöllunar en einungis á yfirstandandi þingi og verði málið því ekki afgreitt á vorþinginu.

Það er jafnframt von stjórnar FHSS að ábendingar hennar í þessari umsögn, svo og umsagnir annarra stéttarféлага opinberra starfsmanna verði teknar til greina.

## **II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

Hér á eftir fara athugasemdir félagsins við einstakar greinar frumvarpsins. Í nokkrum tilvikum er einnig fjallað um aðrar greinar frumvarpsins til þess að fullt samhengi fái stítt í umfjöllun um þá grein sem rætt er um hverju sinni.

### **1. Um 5. gr. frumvarpsins, svo og 22. og 23. gr. frv.**

Í 5. gr. frv. er kveðið svo á að það fari “eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf og hvort skipa skuli eða ráða í starfið”

Í lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, 13. gr. er að finna eftirfarandi ákvæði:

“Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis.”.

Til að full yfirsýn fái stítt varðandi stefnu frumvarpsins um veitingu embætta þá er nauðsynlegt að skoða ákvæði 5. gr. frumvarpsins með hliðsjón af 22. gr. og 23. gr.

Í 22. gr. frumvarpsins er að finna upptalningu á þeim embættismönnum sem fyrirhugað er að löginn taki til, þ.á.m. “starfsmenn stjórnarráðs, þar með taldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar”, sbr. 3. tl. 22. gr.

Í 23. gr. er lögð til sú meginregla að embættismenn skuli skipaðir til fimm ára í senn, nema “annað sé tekið fram í lögum”. Í greinargerð er tekið fram að eingöngu skulu teljast til embættismanna þeir er hljóta skipun í starf (embætti), hvort heldur sem forseti lýðveldisins skipar í starfið eða önnur stjórnvöld.

Einn alvarlegasti galli þessa frumvarps er að æviráðning embættismanna er afnumin, einnig hjá æðstu embættismönnum framkvæmdavaldsins, (s.s. innan stjórnarráðsins) sem hingað til hafa verið skipaðir ævilangt. Helst er að skilja að allir embættismenn skuli skipaðir til fimm ára í senn.

Í tengslum við framlagningu frumvarpsins hefur verið upplýst að í undirbúningi sé frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum sem kveða á um skipun í embætti þ.á.m. áðurnefnd lög nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands.

**Stjórn FHSS telur brýnt að ekki verði gerðar breytingar á æviráðningu og skipunarhætti þeirra embættismanna sem getið er um í 13. gr. laga nr. 73/1969.**

Í athugasemdum við frumvarpið kemur einnig fram að í þeim ríkjum sem íslensk stjórnskipan tekur mið af hafi verið haldið “ákveðinni sérstöðu hjá þeim starfsmönnum sem eru í efstu þrepum stjórnkerfisins” þrátt fyrir að rækileg endurskoðun laga um opinbera starfsmenn hafi átt sér stað í þessum ríkjum á undanförunum árum.

Stjórn FHSS telur mikilvægt að gerð verði grein fyrir þeim rökum sem hún telur búa að baki því að nauðsynlegt sé að halda fast við þá stjórnskipunarvenju að æðstu embættismenn séu æviráðnir.

Í 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins kemur fram að auk löggjafar- og dómvaldsins, þá er framkvæmdavaldið einn af þremur meginþáttum ríkisvaldsins, en þar segir um framkvæmdavaldið:

...”Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdavaldið”

Í stjórnarskránni er að finna ýmis fleiri ákvæði um framkvæmdavaldið, starfsemi þess og skipulag, en þar að auki ber að taka tillit til laga sem um það gilda þegar skoða á starfsemi og skipulag stjórnkerfisins. Umfjöllun um framangreind atriði heyrir fræðilega undir stjórnskipunarrétt og ber að skoða í því ljósi. Allar breytingar sem lagðar eru til á lögum verða því að taka fullt tillit til grundvallaratriða sem er að finna í stjórnarskrá Lýðveldisins. Auk beinna ákvæða í stjórnarskrá og í lögum sem varða stjórnskipun ríkisins þá verður einnig að taka tillit til óslitinnar stjórnskipunarvenju sem hefur myndast hér á landi, sem og í nágrannaríkjum okkar varðandi þetta “viðkvæma og þýðingarmikla réttarsamband”, sbr. orð greinargerðar er fylgir frumvarpinu á bls. 16, en þau sjónarmið sem þar eru sett fram varðandi “æviráðningu” embættismanna eru enn í fullu gildi.

Almenn lög um starfsmenn ríkisins eiga að kveða skýrt á um stöðu allra starfsmanna ríkisins að teknu fullu tilliti til stöðu þeirra samkvæmt stjórnarskrá, lögum og réttarvenju.

Í frumvarpinu er lögð til ný skilgreining á “embættismanni”. Meginhugmyndin er að fella í einn flokk embættismenn ríkisins, sýslunarmenn ríkisins og aðra starfsmenn þess sem hljóta skipun í starf og endurskíra undir heitinu “embættismenn”. Jafnframt er miðað við að framangreindir starfsmenn verði skipaðir tímabundið til fimm ára í senn. Stjórn FHSS telur að hér sé um róttæka breytingu á stjórnkerfi ríkisins að ræða og vafi er um gildi hennar gagnvart stjórnskipunarrétti eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Stjórn FHSS telur að það sé meira í samræmi við gildandi stjórnskipunarrétt á Íslandi að setja skýr ákvæði í lög um “embættismenn”, en þar er átt við þá menn sem forseti Íslands skipar ótímabundið á grundvelli ákvæða í 20. gr. stjórnarskrárinnar. Sú breyting sem virðist ráðgerð í fyrirbyggjandi frumvarpi myndi brjóta þá stjórnskipunarhefð sem ríkt hefur um þetta atriði og væri slík breyting alvarlegt slys að mati stjórnar FHSS. Nauðsynlegt er að útskýra nánar hvað átt er við.

Í 20. gr. stjórnarskrárinnar kemur skýrt fram hverjir skuli teljast vera embættismenn en þar segir í 1. og 2. málsg:

“Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.  
Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgarétt.  
Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.”

Um þetta atriði segir Ólafur Jóhannesson í bók sinni Stjórnskipun Íslands: “Þeir einir teljast almennt embættismenn sem skipaðir eru til að gegna stöðu um lengri, **ótiltekinn tíma**. Þeir sem settir eru til bráðabirgða til að gegna stöðu, teljast því eigi embættismenn.”<sup>1</sup>

Í bók sinni ræðir hann einnig um “sýslunarmenn” og aðgreiningu þeirra frá embættismönnum, en nánar verður vikið að sýslunarmönnum hér á eftir:

„Sýslunarmenn eru fastir starfsmenn við opinbera sýslu, hvort heldur er hjá ríki, sveitarfélögum eða sérstökum stofnunum, sem samkvæmt framansögðu verða ekki flokkaðir sem embættismenn. Þó verður að undanskilja þá starfsmenn sem eingöngu vinna líkamleg störf, en oft geta mörkin verið óljós...Núorðið eru sýslunarmenn miklu fjölmennari en embættismenn“.

Ólafur rekur einnig í bók sinni hvernig lög nr. 38/1954 taki jafnt til embættismanna og sýslunarmanna og “jafnvel starfsmanna í þjónustu ríkisins sem undir hvorugan flokkinn - embættismenn eða sýslunarmenn- myndu komast.”

Í 20. gr. stjórnarskrárinnar eru ennfremur fleiri fyrirmæli um embættismenn og stöðu þeirra. Í 3. - 5. mgr. er fjallað um frávikningu og flutning embættismanna. Af ákvæðinu í heild er ljóst að þeir njóta verndar umfram venjulega starfsmenn aðra.

Störf embættismanna hjá Stjórnarráðinu hafa mikla **stjórnskipulega þýðingu**, s.s. birting laga, útgáfa reglugerða og setning almennra (og sérstakra) fyrirmæla, en um öll þessi atriði er að finna ákvæði í stjórnarskránni.

Samkvæmt framansögðu hefur forsetaskipun verulega þýðingu þegar greina á milli “embættismanna” og annarra ríkisstarfsmanna. Ef um er að ræða embætti sem forseti skipar telst sá aðili embættismaður. Ennfremur er ljóst að Alþingi er heimilt að ákveða að aðrir sem ekki hafa slíka skipun geti talist embættismenn en eðlilegast og einfaldast er að miða við þann skipunarhátt.

Sú breyting að skipa embættismenn aðeins til fimm ára, ef hún gengur eftir, er líkleg til að raska meginstöðum framkvæmdavaldsins, og þar með meginstöðum í þeirri þrískiptingu valds

<sup>1</sup> Ólafur Jóhannesson, Stjórnskipun Íslands, Rvík. útg. 1978; bls. 337

sem stjórnskipan Íslenska lýðveldisins byggir á. Þetta á ekki einungis við um fyrirkomulag hér á landi heldur einnig í nálægum vestrænum ríkjum.

Í frumvarpinu eru afar takmarkaðar upplýsingar um fyrirkomulag erlendis, t.d. hvað varðar ráðningartíma embættismanna. Af þessum sökum hefur FHSS látið kanna fyrirkomulag þessara mála í nálægum vestrænum ríkjum hvað þetta varðar. Þær kannanir benda eindregið og undantekningarlaust til, að **í nálægum vestrænum ríkjum sem búa við svipað fyrirkomulag stjórnskipunar og hér er, gildir almennt sú regla í lögum eða af hefð, að t.d. helstu/æðstu embættismenn framkvæmdavaldsins eru æviráðnir.** Af þessum sökum einnig, vekur það upp verulega undrun að slík breyting skuli fyrirhuguð hér á landi þrátt fyrir að slíkt þekkist ekki í nálægum vestrænum löndum. Það skal ennfremur áréttað að slík breyting á ekkert skylt við hugtakið „hagræðingu“.

Það er ekki að ástæðulausu að æviráðning og langtímaráðning séu viðhafðar í embættum, s.s. á sviði framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins, hér á landi og erlendis. Þetta er gert til að viðhalda ákveðnum og nauðsynlegum stöðugleika í stjórnsýslunni og jafnframt að flokkspólítískra áhrifa gæti ekki um of eða þau hafi óeðlileg áhrif á hefðbundna faglega starfsemi á sviði framkvæmdavalds eða dómsvalds. Í eðli sínu gilda sömu lögmál um hefðbundin fagleg vinnubrögð á æðstu sviðum dómsvalds og framkvæmdavalds. Menn gætu væntanlega séð afleiðingar þess að embætti dómara þ.m.t. hæstaréttardómara væru skipuð til 4 eða 5 ára, eða jafnvel við ríkisstjórnarskipti og þetta væri gert í nafni hagræðingar. Þetta myndi leiða til óstöðugleika og upplausnar. Af þessum ástæðum þekkist ekki slíkt fyrirkomulag, hvorki hér á landi né í nálægum vestrænum ríkjum.

Sé vilji til þess að flokkspólítískra áhrifa gæti meira í stjórnun innan framkvæmdavaldsins s.s. innan ráðuneyta, ætti að gera slíkt með skýrari reglum um ráðningu pólitískra aðstoðarmanna, sem koma og fara við ráðherraskipti. Auka mætti t.d. fjölda slíkra aðila frá því sem nú er, en þeir gætu myndað skilvirkari yfirstjórn en nú er. Þannig væri hugsanlega betur tryggt í æðstu stjórnun að stefna viðkomandi ráðherra skilaði sér með skilvirkari hætti í stefnumótun og stjórnun ráðuneytanna, en hefði ekki óeðlileg áhrif á faglega starfsemi embættismanna. **Fyrirmyndir eru til af slíku fyrirkomulagi í nálægum vestrænum ríkjum, sé til þess vilji að flokkspólítískra áhrifa gæti meira í stjórnun innan framkvæmdavaldsins s.s. innan ráðuneyta en nú er.** Með slíkri leið væri komist hjá fyrirnefndum göllum. Nánar er vikið að þessu í lið 6.

#### Tillögur um breytingar á 5., 22. og 23. gr. frumvarpsins.

Brýnt er að gerðar verði breytingar á frumvarpi því sem hér liggur fyrir. Stjórn FHSS vill því leyfa sér að benda á eftirfarandi atriði sem gætu verið til bóta þannig að réttarstaða embættismanna verði skýrari er hún er skv. gildandi lögum:

- a. 2. mgr. 5. gr. frv. orðist svo:  
“Séu ekki fyrir mæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.”
- b. Í 22. gr. frv. falli brott 8. og 9. tölul.
- c. 23. gr. frv. orðist svo:  
“Embættismenn skipar forseti Íslands óútmabundinni skipun”.

- d. 6. tl. 25. gr. falli brott og aðrir töluliðir breytist skv. því.
- e. Fyrirsögn III. hluta hljóði svo:  
“Sérstök ákvæði um sýslunarmenn ríkisins”

Í e-lið hér að framan er gerð tillaga um að starfsmenn ríkisins sem ráðnir eru ótímabundinni ráðningu verði nefndir “sýslunarmenn”. Áður hefur verið vikið að hugtakinu “sýslunarmenn” en af ákvæðum III. hluta verður ekki annað ráðið en þar sé átt við sýslunarmenn eins og það hugtak er útskýrt í áðurnefndu riti Ólafs Jóhannessonar, sbr. umfjöllun um lið 1 í umsögn þessari.

Nái framangreindar tillögur fram að ganga eða þau meginsjónarmið sem í þeim felast telur stjórn FHSS að stigið verði stórt skref til að  **tryggja festu og öryggi í stjórnarframkvæmd**. Tillaga sú sem liggur fyrir í frumvarpinu um að þeir embættismenn sem stjórn FHSS telur réttmætt að ætla að séu “í efstu þrepum stjórnkerfisins” verði skipaðir eingöngu til fimm ára í senn, gengur í þveröfuga átt og getur skapað glundroða í stjórnsýslunni þegar til lengri tíma er litið. Ennfremur er ítrekað að slíkt fyrirkomulag **þekkist ekki í vestrænum ríkjum sem búa við sambærilega stjórnskipun og er á Íslandi**, eins og reyndar kemur fram í athugasemdum við frumvarpið.

## 2. Um 7. gr. frumvarpsins

Mikilvægt er að lög er kveða m.a. á um “réttindi og skyldur embættismanna” taki tillit til þess að þeir geti með eðlilegum hætti flust til milli embættis og náð framgangi eftir því sem eðlilegt er innan þess starfsvettvangs sem embættismaður starfar við. Þannig nýtist reynsla og hæfni betur sem embættismenn ávinna sér í starfinu. Mikilvægt er því að í lögum sé tryggt eðlileg samkeppni milli þeirra innbyrðis um störf sem kunna að losna og þeir hafi sanngjarna möguleika til framgangs á sínum starfsvettvangi (t.d. í stjórnarráði), eftir því sem eðlilegt getur talist og hæfni þeirra í starfi segir til um. Mikilvægt er því að öll störf séu auglýst og ákvæði séu sett um að líta skuli til reynslu umsækjanda um starf þegar skipa á í embætti sem telja verður að standi framar því embætti er umsækjandi kann að gegna. Lagt er til að brott falli orðin „svo sem minni háttar skrifstofustörf“. Í stað þess mætti setja „skrifstofustörf vegna sumarafleysinga“, ef slík ákvæði eiga að vera inni.

## 3. Um 9. gr. frumvarpsins, sbr. 39. gr. frv.

Í því tilviki að háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tæki framangreindar tillögur til greina sem hafa verið nefndar í athugasemdum við 5. gr. frv. (sbr. liði a-e hér að framan) þá er nauðsynlegt að tryggja betur en nú er gert í frumvarpinu með hvaða hætti þau sjónarmið sem nefnd eru í 9. gr. frumvarpsins verði tryggð þegar í hlut eiga embættismenn.

Ennfremur er mikilvægt að í lögum sem taka á atriðum er varða launakerfi embættismanna þá verði fullt tillit tekið til þess að embættismönnum er óheimilt að “efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli”.

#### **4. Um 17. gr. frumvarpsins**

Verði gerð breyting sem tekur til þess launakerfis sem nú ríkir, verður slíkt einungis gert í samráði við félag starfsmanna, en ekki með einhliða breytingum sem raska kjörum starfsfólks að meira eða minna leyti.

#### **5. Um 39. gr. frumvarpsins**

Stjórn FHSS hafnar því alfarið að samningaréttur sé tekinn af félaginu og færður til kjaranefndar. Slíkt er veruleg röskun á núverandi fyrirkomulagi og kemur ekki til álita að svo stöddu.

#### **6. Breyting á yfirstjórn ráðuneyta, - lög nr. 73/1969**

Á umliðnum árum hafa einkum stjórnámálamenn gagnrýnt að skipulag það sem kveðið er á um í lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands veiti nýjum ráðherra ekki nægjanlegt rými til að auka við yfirstjórn ráðuneytis meðan á kjörtímabi hans stendur til þess að tryggja betur framgang þeirra mála sem nýr ráðherra leggur áherslu á hverju sinni. Unnt er að bregðast við slíkri þörf með því að breyta 14. gr. laga nr. 73/1969 og heimila ráðherra að kveðja sér til aðstoðar t.d. allt að þrjá menn meðan hann gegnir embætti (s.n. "kabinet"). Nánar þyrfti í lögum að skilgreina hlutverk þeirra og samskipti við embættismenn sem starfa í stjórnsýslunni. Meginatriðið er að sé slík þörf raunverulega fyrir hendi þá sé tekið á því máli og það rætt sérstaklega.

#### **Niðurlag**

Í þessari umsögn hefur einungis verið vikið að einstaka meginatriðum sem stjórn FHSS telur að hafa verði í huga við umfjöllun um jafn þýðingarmikið mál og hér er á ferðinni. Engan veginn er um tæmandi athugasemdir að ræða og er jafnframt vísað til umsagnar BHMR varðandi frekari umfjöllun um frumvarp þetta. Stjórn FHSS ítrekar óskir um að málinu verði frestað vísað til sameiginlegrar athugunar allra hlutaðeigandi aðila.


Þegar kemur að heildarstefnumótun til framtíðar um jafn mikilvægt réttarsamband og starfsmanna ríkisins við vinnuveitanda sinn er forsenda árangurs að haft sé víðtækt samráð, þar sem báðir samningsaðilar eru nokkuð sáttir. Ánægt starfsfólk er ein megin auðlind hvers fyrirtækis, innan ríkisins sem og annarstaðar. Þetta hefur því miður of oft gleymst.


Jafnframt er nauðsynlegt að minna á mikilvægi þess að ekki sé raskað í meginatriðum stjórnskipun Íslands með breytingum sem auk þess virðast ekki í takt við fyrirkomulag í nálægum ríkjum.

Stjórn FHSS vill að lokum ítreka að hún er reiðubúin að skýra sjónarmið sín frekar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,


Stjórn Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.


  
Baldur Pétursson formaður  
iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti


  
Guðný Helgadóttir  
menntamálaráðuneyti

\* Þórður Ægir Óskarsson  
utanríkisráðuneyti

  
Jón Höskuldsson  
landbúnaðarráðuneyti

  
Pétur Jónsson  
ríkisbókhaldi

  
Margrét Hauksdóttir  
dómsmálaráðuneyti

  
Margrét Margeirsdóttir  
félagsmálaráðuneyti

\* Var erlendis.

Afrit:  
Forsætisráðherra,  
Utanríkisráðherra,  
Fjármálaráðherra.